



Akureyrarbær

BRÚUM BILIÐ

Skýrsla starfshóps
um leiðir til að brúa bilið
á milli fæðingarorlofs og leikskóla



Efnisyfirlit

Inngangur	3
Skipun hópsins og hlutverk hans	4
Helstu verkefni hópsins	4
Erindisbréf frá fræðsluráði	4
Samstarfshópur – fagrað skólastjóra	5
Stefna í starfi leikskóla	6
Staða og þróun leikskólamála í dag	6
12 mánaða gömul börn í leikskóla – undirbúningur	6
Tillögur fagraðs	7
Innritun yngri barna	7
Rýmisþörf á barn og framtíðarsýn	8
Leikskóladeild innan grunnskóla	8
Dagforeldrar	9
Auknar niðurgreiðslur dagforeldragjalda	9
Uppbygging íbúðarhúsnæðis á Akureyri á næstu árum	10
Tillögur til að brúa bilið – niðurstöður	12
Sviðsmyndir	12
Sviðmynd I	13
Sviðsmynd II	15
Sviðsmynd III	17
Samantekt	19
Heimildaskrá	20



Inngangur

Leikskólinn gegnir veigamiklu hlutverki í lífi barna og er hann fyrsta stigið í skólakerfinu sem annast, að ósk forsjáraðila, uppeldi og menntun barna. Hlutfall barna sem sækja leikskóla hérlandis er með því hæsta sem gerist innan ríkja OECD og langflest börn dvelja í leikskólanum 7 klukkustundir á dag eða lengur. Meðalaldur barna í leikskólum hefur lækkað á undanförunum árum. Í meirihlutasamningi B-lista, L-lista og S-lista er lögð áhersla á að hafa fræðslumál í forgrunni, þar sem stærsta verkefni kjörtímabilsins er að brúa bilið milli fæðingarorlofs og leikskóla með fjölbreyttum leiðum. Voru allir flokkar með áherslu á málefnið og flestir með það á stefnuskrá sinni fyrir síðustu sveitarstjórnarkosningar. Forsjáraðilar ungra barna sækjast eftir því að fá inni í leikskóla fyrir börn sín og var það meginverkefni þessa stýrihóps sem hér skilar sínum niðurstöðum að kortleggja og meta með hvaða hætti mætti brúa bilið milli fæðingarorlofs og leikskóla til að tryggja hag ungubarnafjölskyldna í sveitarfélaginu.

Akureyrarbær stendur vel í samanburði við önnur sveitarfélög þegar horft er til fagmenntaðra kennara og hefur eitt hæsta hlutfall þeirra á landinu, eða 62,92%. Einnig er hlutfall fagmenntaðra starfsmanna auk leikskólakennara hátt eða 87,15% árið 2018.

Stýrihópurinn telur að því markmiði verði náð í lok árs 2021 að öll börn komist inn í leikskóla við 12 mánaða aldur eða geti nýtt sér aðrar fjölbreyttar leiðir sem henta hverju og einu barni. Forsendur verkefnisins eru að áform ríkisins um lengingu fæðingarorlofs í 12 mánuði verði að veruleika en nú er áætlað að það markmið náist í janúar 2021 og þá verði nýr leikskóli við Glerárskóla (Klappir) tekinn í notkun haustið 2021.



Skipun hópsins og hlutverk hans

Stofnaður var starfshópur í janúar 2019 með það hlutverk að vinna að leiðum til að brúa bilið milli fæðingarorlofs og þess tíma þegar barni stendur til boða að fá leikskólapláss eða annað úrræði. Stefna allra flokka sem eru í bæjarstjórn á Akureyri var með einu eða öðru móti að koma því í kring að öllum börnum eldri en 12 mánaða standi til boða leikskólavist eða annað úrræði er fæðingarorlofi lýkur. Í hópnum sitja fulltrúar frá meiri- og minnihluta ásamt starfsmönnum fræðslusviðs sem voru til ráðgjafar og upplýsingar um fagleg mál-efni og gögn.

Helstu verkefni hópsins:

- Finna fjölbreyttar leiðir til að „brúa bilið“ milli fæðingarorlofs og leikskóla.
- Fara yfir starfsaðstæður starfsfólks leikskóla og námsumhverfi barna.
- Kanna hvort svigrúm sé innan leikskóla til að útbúa ungbarnadeildir.
- Kanna hvort svigrúm sé innan grunnskólanna til að starfrækja leikskóladeildir fimm ára barna.
- Skoða fjölda leikskólarýma í bænum í dag og möguleika til að fjölga þeim út frá mismunandi forsendum.
- Fara í útreikninga og skilgreiningar á leikskólarýmum.
- Fara yfir stöðu húsnæðismála leikskóla á Akureyri og móta framtíðarsýn.
- Skoða jöfnunargreiðslur til foreldra með börn í daggæslu.
- Skoða niðurgreiðslu áttunda tímans í daggæslu.

Eftir stofnun hópsins var strax hafist handa við að kortleggja þær leiðir sem færar eru til að fjölga leikskólarýmum í bænum, skoða rýmisþörf barna í leikskólum, auk þess sem lagðar eru fram tillögur að uppbyggingu leikskólamannvirkja og starfsemi þeirra til framtíðar.

Starfshópurinn aflaði sér upplýsinga um stöðu mála, þróun á fjölda barna, hvaða úrræði eru í boði og með hvaða hætti horfa skuli til framtíðar. Einnig var leitað eftir áliti grunnskólastjórnenda hvort þeir sæju möguleika á rými innan sinnar stofnunar fyrir fimm ára börn. Að auki var leitað til dagforeldra varðandi þá þætti sem gætu styrkt dagforeldrakerfið, en ljóst er að þörf verður fyrir dagforeldra þótt hún dragist saman samhliða því sem yngri börn komast inn í leikskóla.

Sett var inn fjármagn vegna jöfnunargreiðslna í fjárhagsáætlun ársins 2019 til að mæta þeim fjölskyldum sem koma börnum sínum ekki inn í leikskóla við 16 mánaða aldur miðað við innritun í ágúst. Jöfnunargreiðslur munu taka gildi frá og með haustinu 2019.

Hópurinn kannaði möguleika á að jafna kostnað foreldra sem eru með börn hjá dagforeldrum við kostnað í leikskólum, með því að niðurgreiða áttunda klukkutímann.

Í samstarfi við umhverfis- og mannvirkjasvið og skólastjóra leikskóla var farið yfir óskir og tillögur að útreikningum og skilgreiningum að leikskólarýmum (leikrýmum) í leikskólum bæjarfélagsins.

Hópurinn kannaði þörf á nýbyggingum á leikskólum m.t.t. fjölda barna í árgöngum, áætlun um fjölda aðfluttra barna, möguleika á að stofna fleiri 5 ára deildir innan grunnskóla, rýmisþörf fyrir hvert barn og bættum starfsaðstæðum starfsmanna. Ákveðin forvörn er í bættum starfsaðstæðum og nægu rými á hvert barn.

Erindisbréf frá fræðsluráði

Starfshópurinn skipa:

Ingibjörg Ólöf Isaksen formaður fræðsluráðs, f.h. Framsóknarflokksins

Hildur Betty Kristjánsdóttir, f.h. L-lista

Þórhallur Harðarson, f.h. Sjálfstæðisflokksins

Erna Rós Ingvarsdóttir, starfsmaður á fræðslusviði

Sigurbjörg Rún Jónsdóttir, starfsmaður á fræðslusviði



Þá sat Árni Konráð Bjarnason fundi hópsins, vann töluleg gögn og upplýsingar fyrir fundi. Sesselja Sigurðardóttir sat einnig nokkra fundi og tók saman upplýsingar en hún er leikskólaráðgjafi á fræðslusviði og sér m.a. um aðalinnritun barna í leikskóla. Hópurinn leitaði einnig til Guðríðar Friðriksdóttur, sviðsstjóra umhverfis- og mannvirkjasviðs og Péturs Inga Haraldssonar, sviðsstjóra skipulagssviðs. Þau sátu einstaka fundi og tóku saman gögn sem gerð verða skil í skýrslunni.

Samstarfshópur – fagráð skólastjóra

Leitað var til fagráðs skólastjóra til ráðgjafar og starfa með Brúum bilið starfshópnum. Fagráðið starfaði náið með öllum skólastjórum í leikskólum bæjarins, því mikilvægt þótti að nýta alla þá þekkingu og fagmennsku sem er til staðar í leikskólunum. Fagráðið er hliðarhópur við þessa vinnu og var gott samstarf á milli starfshópa.

Fagráðið skipa:

Anna Ragna Árnadóttir, skólastjóri Krógabóls

Anna Lilja Sævarsdóttir, skólastjóri lðavallar

Jakobína Elín Áskelsdóttir, skólastjóri Tröllaborga



Stefna í starfi leikskóla

Leikskólar á Akureyri starfa samkvæmt lögum og reglugerð um leikskóla, aðalnámskrá leikskóla sem gefin er út af menntamálaráðuneyti og samkvæmt stefnu hvers skóla fyrir sig. Þá starfa leik- og grunnskólar á Akureyri eftir læsisstefnu sem unnin var sameiginlega og innleidd árið 2017.

Staða og þróun leikskólamála í dag

Hingað til hefur viðmið innritunar í leikskóla verið 18 mánaða gömul börn að hausti. Haustið 2019 var 16 mánaða gömlum börnum boðin leikskólavist, þ.e. börnum sem fædd eru í apríl 2018 og eldri. Haustið 2021, þegar ráðgert er að leikskólinn Klappir við Glerárskóla hefji starfsemi, er fyrirhugað að börn 12 mánaða og eldri fái tilboð um leikskólavist, þ.e. börn sem fædd eru í ágúst 2020 og eldri, að því gefnu að fjöldi barna í árgangi þróist áfram með sama hætti.

Hlutfall fagmenntaðra leikskólakennara á Akureyri hefur verið mjög hátt og hafa aðrir landshlutar horft til bæjarfélagsins varðandi þau gæði. Árið 2016 var hlutfall leikskólakennara 71,87% og árið 2018 var hlutfallið 62,92%. Önnur háskólamenntun í leikskólum bæjarins var 15,22% árið 2016 og 24,23% árið 2018. Benda má á að mikil aukning hefur verið í úthlutun sérkennslu í leikskólum, sbr. október 2016 voru 139,4 tímar á dag eða 17,4 stöðugildi vegna sérkennslu og október 2018 voru 228,8 tímar eða 28,6 stöðugildi. Það er því ljóst að mikilvægt er að huga vel að fagmenntun kennara og starfsaðstöðu þeirra í samhengi við námsumhverfi barna.

Fjöldi barna í hverjum skóla getur verið breytilegur eftir aldri þeirra. Sem dæmi er gert ráð fyrir fjórum börnum á hvern kennara við 12 mánaða aldur en 10 börnum við fimm ára aldur. Það þýðir að hver skóli er með ákveðinn fjölda stöðugilda og eru börn innrituð í skólana þar til öll stöðugildi eru fullnýtt.

12 mánaða gömul börn í leikskóla – undirbúningur

Í upphafi árs fóru skólastjórar leikskóla og hluti starfsfólks á fræðsluviði í kynnisheimsóknir til Húsavíkur, Garðabæjar, Kópavogs og Reykjavíkur. Tilgangur heimsóknanna var að fræðast um reynslu annarra sveitarfélaga við að innrita 12 mánaða gömul börn í leikskóla.

Sammerkt var með þeim skólum sem heimsóttir voru, að lögð var áhersla á hljóðlátt umhverfi og nauðsyn þess að tryggja rólegra umhverfi, þar sem fylgni er milli áreitis í umhverfi og heilbrigðs þroska heila. Það sem hópurinn tók með sér heim eftir heimsóknirnar voru m.a. hugmyndir um innritun barna, þ.e. að innrita börn í leikskóla á ákveðnum tímum yfir árið sem næst 12 mánaða aldri þeirra. Einnig mikilvægi þess að hafa yngstu börnin sér, færri börn á deild, en þannig er hægt að skapa meira öryggi og rólegheit fyrir börnin og næði var jafnframt meira.

Mikil áhersla var lögð á að skipulag og umhverfi leikskóla tæki mið af þörfum ungra barna sem samræmast hugmyndum sem hafa komið fram hjá skólastjórum á Akureyri. Í skýrslunni „Quality early childhood education for under two year olds: What should it look like?“ sem gefin var út af „Ministry of Education, New Zealand 2011“ kemur fram, að á þessum aldri byggir nám barna á öryggi og tengslamyndun. Það skiptir máli að börn geti haft nán samskipti við fáa aðila. Í rannsóknum Ahnert, Piquart & Lamb (2006) segir, að stærð barnahópsins hafi mikið um það að segja hvort tengsl myndist milli kennara og barna. Í skýrslunni kemur einnig fram að kennarinn og tengsl við börnin skipti höfuðmáli í kennslu ungra barna, því segja má að hann „sé námskráin“, (Dalli et al., 2009, David et al., 2003; Stephen et al., 2003) <https://researchcommons.waikato.ac.nz/handle/10289/5997>

Í bókinni „Árin sem enginn man, Áhrif frumberskunnar á börn og fullorðna“ eftir Sæunni Kjartansdóttur (Mál og menning, 2011) er mikið fjallað um heilabroska og tengslamyndun. Í bókinni kemur fram: „Hvernig heilinn þroskast er háð aðstæðum og reynslu barnsins og hann er aldrei jafn auðmótanlegur og fyrstu mánuði ævinnar. Möguleikar á taugatengingum eru nánast óteljandi en hvernig þær verða nákvæmlega



Fjöldi leikskólabarna í leikskólum Akureyrarbæjar 2014 – 2018

Tölur miðast við 1. október ár hvert

	2014	2015	2016	2017	2018
Iðavöllur	88	86	83	90	81
Lundarsel	90	94	87	92	88
Hulduheimar	100	101	102	110	103
Pálmholt	128	128	121	126	118
Sunnuból	59	57			
Krógaból	103	108	107	107	96
Kiðagil	99	106	104	102	92
Naustatjörn	135	135	132	136	131
Tröllaborgir *	92	91	84	108	104
Hrísey Id.	8	4	7	6	3
Grimsey Id.	5				2
Hólmasól	149	148	148	149	148
Hlíðaból	50	48	44		
Samtals:	1106	1106	1019	1026	966
Fjöldi 1 árs	40	63	40	48	51
Hlutfall 1 árs	4,4%	6,9%	4,8%	5,5%	6,2%

* Lautin 5 ára deild í Glerárskóla kemur inn 2017 með u.þ.b. 20 rými

ákvarðast að stórum hluta af reynslu hvers og eins. Í stuttu máli þýðir þetta að heilinn er bókstaflega mót-aður af umhverfinu, sem í tilfelli ungbarns er umönnunin sem það fær“ (bls. 8). Sæunn fjallar einnig um tengslamyndun og mikilvægi hennar sem fram fer hjá ungum börnum og segir [...] „börn sem greinast með örugg tengslamynstur hafa betri sjálfmynd, eru í betra tilfinningalegu jafnvægi og sýna meiri seiglu, frumkvæði, félagslega færni og einbeitingu heldur en jafnaldrar þeirra með órugg tengslamynstur“ (bls. 72-73).

Tillögur fagráðs

Fagráð leikskólastjóra lagði til þrjár tillögur, 1. Brúum bilið, 2. Innritun barna, 3. Rýmisþörf á barn og fram-tíðarsýn. Fagráð stillir upp fjórum möguleikum varðandi ungbarnadeildir eða ungbarnaleikskóla: Hulduheimar/Kot, Iðavöllur („léttbygging“), Pálmholt, neðra hús (áður Flúðir) og Árholt. Þessar hugmyndir eru nefndar sem úrræði fyrir börn frá 12 mánaða aldri sem koma til með að flytjast í sína hverfissskóla eftir einn vetur. Gerð var greining í hverjum leikskóla fyrir sig varðandi hvað þyrfti til að gera eina deild að ungbarnadeild og hvort það væri gerlegt. Talið er að innritun sem næst 12 mánaða aldri myndi ganga betur með því að fara leiðina sem nefnd er hér á undan, þ.e. að stilla upp þremur einingum sem hver fyrir sig innritar tvisvar á ári í leikskóla eða á deild.

Innritun yngri barna

Með því að vera með þrjár einingar (t.d. Pálmholt/neðra hús, Hulduheima/Kot og Árholt) sem innrita börn frá 12 mánaða aldri er hægt að hafa allt að sex innritanir á vetri. Hver eining innritar þá tvisvar sinnum yfir veturinn sem gerir skólastjóra kleift að innrita börn í skólana þegar þau eru sem næst 12 mánaða aldri.

Tímasetningu aðlögunar þarf að útfæra eftir hverri einingu fyrir sig. Tvennt ólíkt er hvort um staka einingu er ræða, samanber dæmið sem tekið er hér á undan, eða hvort um er að ræða deild innan skóla. Forsendan er þó alltaf að skilja eftir mönnuð rými þannig að hægt sé að bæta við börnum eftir aldri.



Rýmisþörf á barn og framtíðarsýn

Starfshópur verkefnisins Brúum bilið hefur verið í samstarfi við umhverfis- og mannvirkjasvið og skólastjóra leikskóla varðandi útreikninga og skilgreiningar á leikrýmum í leikskólum bæjarins. Fulltrúi úr Brúum bilið hópnun og starfsmaður frá umhverfis- og mannvirkjasviði fóru í alla leikskóla og áttu samtalið við skólastjóra, þar sem farið var yfir teikningar hvers skóla fyrir sig og voru skilgreind leikrými, stoðrými, gangar og stjórnunarrými. Sameiginlegu leikrými var deilt niður á fjölda deilda í hverjum skóla fyrir sig.

Tilgangur heimsóknanna var að reikna út hvað hvert barn hefur marga fermetra í leikrými. Mikilvægt þótti að rekstraraðilar leikskóla hefðu réttar og nýjar upplýsingar um útreikninga í hverjum skóla. Í ljós kom að meðaltals leikrými er 3,3 fermetrar í leikskólum bæjarins. Sjá í viðauka útreikninga fyrir hvern skóla.

Samkvæmt Reglugerð um starfsumhverfi leikskóla (nr. 655/2009, 6. gr.) gerir skólastjóri áætlun í upphafi hvers árs um fjölda barna vegna innritunar sem skilað er til fræðslusviðs. Sú breyting hefur verið gerð að skólastjórar og rekstraraðili eiga samtalið um fjölda barna í hverjum skóla fyrir komandi skólaári í febrúar ár hvert.

<https://www.reglugerd.is/reglugerdir/allar/nr/655-2009>

Leikskóladeild innan grunnskóla

Starfshópur verkefnisins Brúum bilið ákvað að kanna hvort grunnskólar byggju yfir aukarými sem nýta mætti fyrir elstu börn leikskóla. Horft var til þess að fimm ára deildir innan grunnskóla störfuðu samkvæmt hugmyndafræði leikskólans líkt og gert er í leikskóladeild Naustaskóla og var gert í Glerárskóla, enda fellur þessi aldur undir lög um leikskóla. Markmiðið með því að bjóða upp á fimm ára leikskóladeildir innan grunnskóla er að nýta húsnæði sem er til staðar og geta þá tekið inn börn fyrr enn ella í leikskóla.

Sendur var tölvupóstur frá fræðslusviði til stjórnenda grunnskóla á vormánuðum til að kanna hvort hægt væri að skapa rými fyrir elstu börn leikskóla innan veggja grunnskólanna. Þau svör sem fengust frá stjórnendum grunnskóla var að ekki væri pláss fyrir leikskóladeild innan grunnskólanna eins og staðan er í dag.

Frá árinu 2009 hefur leikskóladeild Naustatjarnar verið starfrækt í Naustaskóla og hefur samstarfið gengið vel. Í ágúst 2017 var farið af stað með 5 ára leikskóladeild innan Glerárskóla og starfaði hún til sumarsins 2019. Deildin var undir stjórn leikskólans Tröllaborga. Öllum foreldrum/forsjáraðilum barna sem fædd voru 2012 og áttu lögheimili í skólahverfi Glerárskóla var sent bréf þar sem þeim var boðið á kynningu þessarar deildar og var um nýjan valkost að ræða fyrir foreldra 5 ára barna í skólahverfi Glerárskóla. Þeir foreldrar/forsjáraðilar sem höfðu áhuga á að skrá börn sín í þessa nýju deild þurftu að sækja um það sérstaklega. Munurinn á þessum tveimur leikskóladeildum, innan grunnskólanna, er sá að á Naustatjörn fara öll börn í fimm ára leikskóladeild innan Naustaskóla en í Glerárskóla var val fyrir foreldra að nýta sér leikskóladeildina þar.



Dagforeldrar

Í apríl 2019 störfuðu 31 dagforeldri á Akureyri með 144 börn. Á fimm starfsstöðvum starfa tveir dagforeldrar saman, aðrir eru einir í heimahúsi.

Upplýsingafundur var haldinn með dagforeldrum í desember 2018 þar sem farið var yfir stöðuna í málaflokknum. Á fundinum ræddi formaður fræðsluráðs við dagforeldra sem og tveir starfsmenn fræðslusviðs. Allir dagforeldrar voru boðaðir á fundinn og var mæting góð. Tekið skal fram að á þeim tíma var ekki búið að stofna starfshópinn Brúum bilið, hins vegar lágu fyrir pólitískar ákvarðanir varðandi innritun yngri barna í leikskóla. Á fundinum var kallað eftir hugmyndum/úrræðum frá dagforeldrum varðandi starfið og starfsumhverfi þeirra í tengslum við nýja framtíðarsýn.

Í apríl var haldinn upplýsingafundur með stjórn Dagvistunar, félags dagforeldra á Akureyri, þar sem vinna starfshópsins Brúum bilið var kynnt. Fundinn sat einnig sviðsstjóri fræðslusviðs og einn starfsmaður sviðsins. Þriðji fundur var haldinn í maímánuði og voru allir dagforeldrar boðaðir ásamt starfshópnum Brúum bilið. Á fundinum gafst tækifæri til umræðna, útskýringa og spurninga vegna vinnunnar við að brúa bilið milli loka fæðingarorlofs og tilboðs um leikskólavist.

Fræðsluráð hefur talað fyrir því að bæta starfsaðstæður dagforeldra og var m.a. samþykkt að setja fjármagn í starfsréttindanam dagforeldra haustið 2018 þannig að námið væri dagforeldrum að kostnaðarlausu. Einnig var samþykkt að greiða „jöfnunarstyrk“ frá 1. september 2019 til foreldra/forsjáraðila með það að markmiði að minnka mun á gjaldi leikskóla og daggæslu. Hér aftar er útskýring á jöfnunarstyrknum.

Fleiri hugmyndir hafa verið ræddar og skoðaðar s.s. heimgreiðslur og niðurgreiðsla á áttunda tímanum í daggæslu en í dag eru niðurgreiddir sjö tímar. Gerð hefur verið kostnaðargreining en ekki verið tekin ákvörðun hvað gert verður enda er það háð fjárhagsáætlun hvers árs.

Auknar niðurgreiðslur dagforeldragjalda

Ákveðið hefur verið að taka upp auknar niðurgreiðslur dagforeldragjalda sem koma til framkvæmda frá og með 1. október 2019. Horft er til þess hóps sem nær 16 mánaða aldri við innritun í leikskóla í ágúst og fær ekki tilboð um leikskóladvöl. Haustið 2019 er stefnt að því að innrita öll börn fædd í apríl 2018 og fyrr. Foreldrar barna sem eiga börn fædd í maí 2018 og fá ekki tilboð um leikskóladvöl eiga rétt á aukinni niðurgreiðslu frá og með næsta mánuði eftir að barn þeirra nær 16 mánaða aldri eða frá og með október 2019. Foreldrar barna fædd í júní 2018 eiga rétt á aukinni niðurgreiðslu frá og með nóvember 2019 og svo koll af kolli. Aukin niðurgreiðsla er óháð vistunartíma barns og miðast við kr. 10.000 á mánuði.

Uppbygging íbúðarhúsnæðis á Akureyri á næstu árum

Stefna um uppbyggingu íbúðarhúsnæðis er sett í aðalskipulagi sveitarfélaga. Í maí árið 2018 tók í gildi nýtt aðalskipulag fyrir Akureyri sem gildir fyrir tímabilið 2018 – 2030. Þar er mörkuð sú stefna að ekki skuli haldið áfram með uppbyggingu íbúðarbyggðar til suðurs heldur er gert ráð fyrir að á næstu árum verði áherslan á nýbyggingarsvæði norðan megin í bænum og á þéttingarsvæðum.

Í gildandi aðalskipulagi er gert ráð fyrir að á skipulagstímabilinu þurfi að byggja á bilinu 160-220 íbúðir á ári (lágspá og háspá). Á Akureyri er nokkuð hátt hlutfall íbúða í eigu aðila sem ekki eiga lögheimili í sveitarfélaginu og er í þessum tölum gert ráð fyrir að hlutfallið haldist óbreytt eða rúmlega 11% og miðast íbúðapörf því ekki eingöngu við áætlaða fjölgun íbúa.


Undanfarin misseri hefur uppbygging íbúðarsvæðis að mestu verið í svokölluðu Hagahverfi, sem er 3. áfangi Naustahverfis. Uppbygging á svæðinu hófst árið 2015 og í lok árs 2019 verður búið að auglýsa allar lóðir í hverfinu. Miðað við stöðuna í dag má gera ráð fyrir að heildarfjöldi íbúða í hverfinu verði rétt rúmlega 700. Fram til þessa hefur verið miðað við að fjöldi íbúa per íbúð sé í kringum 2,6 en eins og fram kemur í aðalskipulaginu er gert ráð fyrir að þetta hlutfall lækki niður í allt að 2,3 fram til ársins 2030. Felur þetta í sér að heildarfjöldi íbúa í Hagahverfi verður líklega á bilinu 1600 til 1800 þegar það er fullklárað. Erfitt er að segja nákvæmlega til um hvenær það verður en gera má ráð fyrir að það taki a.m.k. 2-3 ár. Miðað við reynslu fyrri ára er líklegt að uppbygging einbýlishúsalóða muni taka lengri tíma en fjölbýlishúsalóða. Ekki er gert ráð fyrir byggingu skóla í tengslum við hverfið en í deiliskipulaginu er afmörkuð 5.578 fm lóð nyrst í hverfinu fyrir byggingu rúmlega 1.100 fm leikskóla.

Nýlega tók í gildi deiliskipulag þéttingarsvæðis við Melgerðisás og Skarðshlíð og er þegar búið að úthluta einni parhúsalóð og einni lóð fyrir fjórbylishús til Búfesti hsf. og samþykkt hefur verið að auglýsa fjölbýlishúsalóð fyrir allt að 60 íbúðir. Það má því gera ráð fyrir að 66 nýjar íbúðir fyrir um 150 íbúa fari í byggingu á næsta ári og verði teknar í notkun árið 2021-2022.

Í vinnslu er deiliskipulag fyrir Holthverfi sem er þéttingarsvæði meðfram Krossanesbraut. Deiliskipulagið er í vinnslu en stefnt er að því að það verði klárað í lok árs 2019 eða síðasta lagi vorið 2020. Endanleg útfærsla liggur ekki fyrir en fyrirliggjandi drög gera ráð fyrir um 300 íbúðum á fjórum aðskildum svæðum sem einfalt er að áfangaskipta eftir þörfum. Þess má geta að verið er að skoða hvort að hluti þessa svæðis verði sérstaklega afmarkaður fyrir lóðir á vegum Búfesti og/eða annarra samstarfsfélaga í samræmi við viljayfirlýsingu Akureyrarbæjar og Búfesti hsf frá því í byrjun árs 2018 um byggingu allt að 125 íbúða fyrir m.a. lágtekjufólk, eldri borgara fatlaða, stúdenta o.fl. Ekki liggur fyrir hvenær úthlutun lóða á þessu svæði hefst en það gæti í fyrsta lagi orðið síðla árs 2020 en meiri líkur eru að það verði ekki fyrr en árið 2021.

Frá því í byrjun árs 2018 hefur verið í vinnslu rammaskipulag fyrir íbúðarsvæði vestan Borgarbrautar og norðan Síðubrautar. Samkvæmt aðalskipulaginu er gert ráð fyrir allt að 1300 íbúðum á þessum tveimur svæðum. Áhersla vinnunnar hefur verið á svæðið vestan Borgarbrautar og er stefnt að því að vinna við gerð deiliskipulags fyrir 1. áfanga hverfisins hefjist árið 2021. Ekki liggur fyrir hversu margar íbúðir verða í þessum fyrsta áfanga eða hvenær gert er ráð fyrir að uppbygging hefjist.

Íbúðarsvæði – uppbyggingarröð



Fyrir utan ofangreind verkefni er nokkur áhugi á uppbyggingu íbúða á nokkrum þéttingar og þróunarsvæðum og má þar t.d. nefna svæði milli Hjalteyrargötu og Laufásgötu á Oddeyri, í miðbænum og við Glerártorg. Enn sem komið er liggur ekkir fyrir hvenær af þessari uppbyggingu verður en deiliskipulagsvinna á slíkum svæðum getur verið flókin vegna fjölda hagsmunaaðila og þess vegna tekið lengri tíma en ella.



Tillögur til að brúa bilið – niðurstöður

Sviðsmyndir

Hópurinn leggur fram þrjár tillögur að sviðsmyndum við fjölgun leikskólarýma í bænum byggðar á mismunandi forsendum. Í öllum tillögnum er gert ráð fyrir að Klappir, nýr leikskóli við Glerárskóla, taki til starfa haustið 2021 og fjölgi þar með plássum í bænum um 90. Auk þess er Árholt með 24 rými en það kemur á móti Lautinni (20 rými) sem lögð var niður sumarið 2019. Tillögur þessar eru háðar fjölgun barna á leikskólaaldri, fjölgun/fækkun dagforeldra og fjárhagsáætlun Akureyrarbæjar hverju sinni. Hafa ber í huga að fjöldi barna er ekki alltaf sá sami og fjöldi rýma vegna aldurssamsetningar barnahópa.

Í spá fyrir sviðsmyndir er gert ráð fyrir því að meðalfjöldi barna í árgangi sé um 220 sem byggir á meðaltali síðustu sex ára fyrir árganga 2020 til 2029. Í sviðsmyndum II og III er gert ráð fyrir auknum fjölda aðfluttra en brottfluttra. Í sviðsmynd II er gert ráð fyrir allt að 50 barna aukningu á leikskólaaldri en í sviðsmynd III allt að 100 barna aukningu. Reiknað er með því að almennt séu 98,5% barna á leikskólaaldri í leikskóla. Miðað er við að börn fædd í janúar til ágúst í yngsta árganginum fái boð um leikskólapláss, markmið sem stefnt er að. Ekki er gert ráð fyrir því að leikskólapláss séu tvísetin.

Sviðsmynd I

Gert er ráð fyrir að haustið 2021 verði Klappir, nýr leikskóli við Glerárskóla, tekinn í notkun. Þar er gert ráð fyrir 144 rýmum og samhliða verður efra húsið í Pálmholti tekið úr notkun en þar eru 42 rými í dag. Hér er horft til uppbyggingar í Nausta-/Hagahverfi og gert ráð fyrir stækkun Naustatjarnar um allt að 40 rými, auk þess sem gert er ráð fyrir uppbyggingu á nýjum leikskóla við Lundarsel/Lundarskóla sem fjölgar rýmum úr 90 í 144 árið 2024. Samningur vegna Krógabóls rennur út árið 2026 og er gert ráð fyrir nýjum leikskóla í hverfinu 2026 eða síðar. Jafnvægi er í fjölda aðfluttra og brottfluttra barna á leikskólaaldri.

Sviðsmynd II

Hér er lagt til að setja léttu byggingu, allt að 20 rými, við Pálmholt þar sem aðstæður til stækkunar leikskólans eru góðar. Stærð lóðar, aðstaða fyrir starfsmenn, eldhús og bílastæði eru til staðar og geta borið stækkunina. Í stað stækkun Naustatjarnar er horft til þess að byggja nýjan leikskóla í Hagahverfi sem mun stækka í áföngum, fyrst er gert ráð fyrir 40 rýmum og síðar 60 rýmum. Áætluð fjölgun í þessari sviðsmynd er of mikil til að Naustatjörn beri hana og er þá horft til leiksvæðis, bílastæða, starfsmannaaðstöðu og fl. Að öðru leyti eru tillögur í sviðsmynd II þær sömu og í I.

Sviðsmynd III

Líkt og í sviðsmynd II er tillaga hópsins í sviðsmynd III að setja léttu byggingu við Pálmholt þar sem aðstæður til stækkunar leikskólans eru góðar. Horft er til uppbyggingar í Nausta-/Hagahverfi og líkt og í sviðsmynd II er gert ráð fyrir nýjum leikskóla í Hagahverfi þó með fleiri rýmum, auk þess sem uppbygging skólans er áætluð á styttri tíma, allt að 110 rými. Að öðru leyti eru tillögur í sviðsmynd III þær sömu og í sviðsmyndum I og II.



Áætluð þörf fyrir leikskólarými árin 2019 - 2029

Staðan er tekin frá hausti hvers árs

Sviðsmynd I

Fjöldi rýma 1. okt. ár hvert

	2019	2020	2021	2022	2023	2024	2025	2026	2027	2028	2029
Iðavöllur	90	90	90	90	90	90	90	90	90	90	90
Pálmholt	118	118	76	76	76	76	76	76	76	76	76
Pálmholt færanleg stofa											
Lundarsel	90	90	90	90	90						
Nýr leikskóli við Lundarskóla						144	144	144	144	144	144
Naustatjörn	130	130	130	130	130	110	90	90	90	90	90
Stækkun Naustatjarnar				20	20	20	40	40	40	40	40
Hólmásól	144	144	144	144	144	144	144	144	144	144	144
Sunnan ár	572	572	530	550	550	584	584	584	584	584	584
Klappir - leikskóli við Glerárskóla			144	144	144	144	144	144	144	144	144
Árholt (ungbarnadeild)	24	24	24	24	24	24	24	24	24	24	24
Hulduheimar	101	101	101	101	101	101	101	101	101	101	101
Krógaból	99	99	99	99	99	99					
Nýr leikskóli við Síðuskóla								100	100	100	100
Kiðagil	96	96	96	96	96	96	96	96	96	96	96
Tröllaborgir	87	87	87	87	87	87	87	87	87	87	87
Norðan ár	407	407	551	551	551	551	551	552	552	552	552
Samtals	979	979	1.081	1.101	1.101	1.135	1.135	1.136	1.136	1.136	1.136
	2019	2020	2021	2022	2023	2024	2025	2026	2027	2028	2029
Fjöldi barna sem fær pláss	979	979	1.081	1.101	1.101	1.135	1.135	1.136	1.136	1.136	1.136
Nemendaspá 2 -5 ára (4 árg.)	906	894	856	833	836	845	880	880	880	880	880
Fjölgun v/flutnings*	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0
Áætl. fjöldi 1. árs barna (jan.-ágúst)	134	130	147	147	147	147	147	147	147	147	147
Samtals börn	1.040	1.024	1.003	980	983	992	1.027	1.027	1.027	1.027	1.027
Samtals fjöldi barna miðað við að 98,5% barna nýti sér leikskóla	1.024	1.009	988	965	968	977	1.012	1.012	1.012	1.012	1.012
Fækkun rýma vegna innritunar yngri barna			-50	-50	-50	-50	-50	-50	-50	-50	-50
Fjöldi rýma til að mæta 1. árs börnum eftir fækkun rýma vegna innritunar yngri barna.	87	98	188	230	228	253	218	219	219	219	219
Fjöldi rýma sem vantar eða eru ónýtt miðað við þessar forsendur. (-) tala þýðir vöntun m.v. að bjóða öllum börnum pláss sem eru fædd í jan. - ágúst á yngsta aldursári.	-45	-30	43	86	83	108	73	74	74	74	74

* Mismunur á að- og brottfluttum (2-5 ára).

Hafa ber það í huga að í þessum tölum er ekki tekið á fækkun barna á deild samhliða innritun yngri barna.

Sé hins vegar miðað við um 50 rýma fækkun í eldri leikskólum (Hólmásól undanskilin) vegna innritunar yngri barna, ætti að vera hægt að innrita nánast öll 12 mánaða gömul börn haustið 2021, miðað við að verðandi fæðingarárgangar verði að meðaltali um 220 börn eða minni. Ekki er gert ráð fyrir að þessi fækkun rýma komi til framkvæmda fyrr en með tilkomu nýs leikskóla við Glerárskóla.



Mismunur á leikskólarýmum og barnafjölda eftir skólahverfum haustið 2019 og áætluð staða 2029

Sviðsmynd I

	Rými 2019	Rými 2029	Fjöldi í árg. 2014-2018	Frávik 2019	Frávik 2029
Brekkuhverfi	144	144	175	-31	-31
Lundarhverfi	208	220	203	5	17
Glerárhverfi	55	199	151	-96	48
Oddeyri	90	90	62	28	28
Síðuhverfi	169	170	159	10	11
Nausta- og Hagahverfi	130	130	216	-86	-86
Giljahverfi	183	183	138	45	45
Heildarfjöldi rýma	979	1.136	1.104	-125	32

* Minustala sýnir skort á rýmum í hverfinu, en pósitívtala sýnir umframrými miðað við áætlaðan fjölda 1 - 5 ára barna (5 árgangar).
Frávik árið 2019 sýnir að það vantar 125 rými til að innrita yngsta árganginn haustið 2019.
Innritunin náði því eingöngu til barna fæddra í janúar út apríl 2018.

Fjöldi rýma í hverjum leikskóla 2019 - 2029 (fyrir fækkun rýma)

	2019	2029
Brekkuhverfi		
Hólmasól	144	144
Samtals	144	144
Lundarhverfi		
Pálmholt- Neðra húsið (Flúðir)	118	76
Lundarsel	90	
Lundarskóli/ leikskóli		144
Samtals	208	220
Glerárhverfi		
Árholt	24	24
Glerárskóli		144
Holtakot	31	31
Samtals	55	199
Oddeyri		
Iðavöllur	90	90
Samtals	90	90
Síðuhverfi		
Krógaból	99	0
Síðuskóli leikskóli		100
Hulduheimar Sel	70	70
Samtals	169	170
Nausta- og Hagahverfi		
Naustatjörn	90	90
Naustatjörn í húsnæði Naustaskóla/leikskóli	40	0
Stækkun Naustatjarnar (eða Hagaleikskóli)		40
Samtals	130	130
Giljahverfi		
Kiðagil	96	96
Tröllaborg	87	87
Giljahverfi/ leikskóli		
Samtals	183	183
Alls	979	1.136



Áætluð þörf fyrir leikskólarými árin 2019 - 2029

Staðan er tekin frá hausti hvers árs

Sviðsmynd II

Fjöldi rýma 1. okt. ár hvert

	2019	2020	2021	2022	2023	2024	2025	2026	2027	2028	2029
Iðavöllur	90	90	90	90	90	90	90	90	90	90	90
Pálmholt	118	118	76	76	76	76	76	76	76	76	76
Pálmholt færanleg stofa		20	20	20	20	20	20	20	20	20	20
Lundarsel	90	90	90	90	90						
Nýr leikskóli við Lundarskóla						144	144	144	144	144	144
Naustatjörn	130	130	130	130	130	110	90	90	90	90	90
Hagaleikskóli (eða stækkun Naustatjarnar)				40	40	40	60	60	60	60	60
Hólmasól	144	144	144	144	144	144	144	144	144	144	144
Sunnan ár	572	592	550	590	590	624	624	624	624	624	624
Klappir - leikskóli við Glerárskóla			144	144	144	144	144	144	144	144	144
Árholt (ungbarnadeild)	24	24	24	24	24	24	24	24	24	24	24
Hulduheimar	101	101	101	101	101	101	101	101	101	101	101
Krógaból	99	99	99	99	99	99	99				
Nýr leikskóli við Siðuskóla								100	100	100	100
Kiðagil	96	96	96	96	96	96	96	96	96	96	96
Tröllaborgir	87	87	87	87	87	87	87	87	87	87	87
Norðan ár	407	407	551	551	551	551	551	552	552	552	552
Samtals	979	999	1.101	1.141	1.141	1.175	1.175	1.176	1.176	1.176	1.176
	2019	2020	2021	2022	2023	2024	2025	2026	2027	2028	2029
Fjöldi barna sem fær pláss	979	999	1.101	1.141	1.141	1.175	1.175	1.176	1.176	1.176	1.176
Nemendaspá 2 -5 ára (4 árg.)	906	894	856	833	836	845	880	880	880	880	880
Fjölgun v/flutnings*	0	20	35	45	50	50	50	50	50	50	50
Áætl. fjöldi 1 árs barna (jan.-ágúst)	134	130	147	147	147	147	147	147	147	147	147
Samtals börn	1.040	1.044	1.038	1.025	1.033	1.042	1.077	1.077	1.077	1.077	1.077
Samtals fjöldi barna miðað við að 98,5% barna nýti sér leikskóla	1.024	1.028	1.022	1.010	1.018	1.026	1.061	1.061	1.061	1.061	1.061
Fækkun rýma vegna innritunar yngri barna			-50	-50	-50	-50	-50	-50	-50	-50	-50
Fjöldi rýma til að mæta 1. árs börnum fyrir fækkun rýma vegna innritunar yngri barna.	87	99	173	226	218	243	209	210	210	210	210
Fjöldi rýma sem vantar eða eru ónýtt miðað við þessar forsendur. (-) tala þýðir vöntun m.v. að bjóða öllum börnum pláss sem eru fædd í jan. - ágúst á yngsta aldursári.	-45	-29	29	81	73	99	64	65	65	65	65

* Mismunur á að- og brottfluttum (2-5 ára).

Hafa ber það í huga að í þessum tölum er ekki tekið á fækkun barna á deild samhliða innritun yngri barna.

Sé hins vegar miðað við um 50 rýma fækkun í eldri leikskólum (Hólmasól undanskilin) vegna innritunar yngri barna ætti að vera hægt að innrita nánast öll 12 mánaða gömul börn haustið 2021, miðað við að verðandi fæðingarárgangar verði að meðaltali um 220 börn eða minni. Ekki er gert ráð fyrir að þessi fækkun rýma komi til framkvæmda fyrr en með tilkomu nýs leikskóla við Glerárskóla.



Mismunur á leikskólarýmum og barnafjölda eftir skólahverfum haustið 2019 og áætluð staða 2029

Sviðsmynd II

	Rými 2019	Rými 2029	Fjöldi í árg. 2014-2018	Frávik 2019	Frávik 2029
Brekkuhverfi	144	144	175	-31	-31
Lundarhverfi	208	240	203	5	37
Glerárhverfi	55	199	151	-96	48
Oddeyri	90	90	62	28	28
Síðuhverfi	169	170	159	10	11
Nausta- og Hagahverfi	130	150	216	-86	-66
Giljahverfi	183	183	138	45	45
Heildarfjöldi rýma	979	1.176	1.104	-125	72

* Minustala sýnir skort á rýmum í hverfinu, en pósitívtala sýnir umframrými miðað við áætlaðan fjölda 1 - 5 ára barna (5 árgangar). Frávik árið 2019 sýnir að það vantar 125 rými til að innrita yngsta árganginn haustið 2019. Innritunin náði því eingöngu til barna fæddra í janúar út apríl 2018.

Fjöldi rýma í hverjum leikskóla 2019 - 2029 (fyrir fækkun rýma)

	2019	2029
Brekkuhverfi		
Hólmasól	144	144
Samtals	144	144
Lundarhverfi		
Pálmholt- Neðra húsið (Flúðir)	118	96
Lundarsel	90	
Lundarskóli/ leikskóli		144
Samtals	208	240
Glerárhverfi		
Árholt	24	24
Glerárskóli		144
Holtakot	31	31
Samtals	55	199
Oddeyri		
Iðavöllur	90	90
Samtals	90	90
Síðuhverfi		
Krógaból	99	0
Síðuskóli leikskóli		100
Hulduheimar Sel	70	70
Samtals	169	170
Nausta- og Hagahverfi		
Naustatjörn	90	90
Naustatjörn í húsnæði Naustaskóla/leikskóli	40	0
Stækkun Naustatjarnar (eða Hagaleikskóli)		60
Samtals	130	150
Giljahverfi		
Kiðagil	96	96
Tröllaborg	87	87
Giljahverfi/ leikskóli		
Samtals	183	183
Alls	979	1.176



Áætluð þörf fyrir leikskólarými árin 2019 - 2029

Staðan er tekin frá hausti hvers árs

Sviðsmynd III

Fjöldi rýma 1. okt. ár hvert

	2019	2020	2021	2022	2023	2024	2025	2026	2027	2028	2029
Lðavöllur	90	90	90	90	90	90	90	90	90	90	90
Pálmholt	118	118	76	76	76	76	76	76	76	76	76
Pálmholt færanleg stofa		20	20	20	20	20	20	20	20	20	20
Lundarsel	90	90	90	90	90						
Nýr leikskóli við Lundarskóla						144	144	144	144	144	144
Naustatjörn	130	130	130	130	130	110	90	90	90	90	90
Nýr leikskóli í Hagahverfi				60	80	80	110	110	110	110	110
Hólmasól	144	144	144	144	144	144	144	144	144	144	144
Sunnan ár	572	592	550	610	630	664	674	624	674	674	674
Klappir - leikskóli við Glerárskóla			144	144	144	144	144	144	144	144	144
Árholt (ungbarnadeild)	24	24	24	24	24	24	24	24	24	24	24
Hulduheimar	101	101	101	101	101	101	101	101	101	101	101
Krógaból	99	99	99	99	99	99					
Nýr leikskóli við Síðuskóla								100	100	100	100
Kiðagil	96	96	96	96	96	96	96	96	96	96	96
Tröllaborgir	87	87	87	87	87	87	87	87	87	87	87
Norðan ár	407	407	551	551	551	551	551	552	552	552	552
Samtals	979	999	1.101	1.161	1.181	1.215	1.225	1.226	1.226	1.226	1.226
	2019	2020	2021	2022	2023	2024	2025	2026	2027	2028	2029
Fjöldi barna sem fær pláss	979	999	1.101	1.161	1.181	1.215	1.225	1.226	1.226	1.226	1.226
<i>Nemendaspá 2 -5 ára (4 árg.)</i>	<i>906</i>	<i>894</i>	<i>856</i>	<i>833</i>	<i>836</i>	<i>845</i>	<i>880</i>	<i>880</i>	<i>880</i>	<i>880</i>	<i>880</i>
<i>Fjölgun v/flutnings*</i>		40	70	90	100	100	100	100	100	100	100
Áætl. fjöldi 1 árs barna (jan.-ágúst)	134	130	147	147	147	147	147	147	147	147	147
Samtals börn	1.040	1.064	1.073	1.070	1.083	1.092	1.127	1.127	1.127	1.127	1.127
Samtals fjöldi barna miðað við að 98,5% barna nýti sér leikskóla	1.024	1.048	1.057	1.054	1.067	1.076	1.110	1.110	1.110	1.110	1.110
Fækkun rýma vegna innritunar yngri barna			-50	-50	-50	-50	-50	-50	-50	-50	-50
Fjöldi rýma til að mæta 1. árs börnum fyrir fækkun rýma vegna innritunar yngri barna.	87	79	139	202	209	234	210	211	210	211	211
Fjöldi rýma sem vantar eða eru ónýtt miðað við þessar forsendur. (-) tala þýðir vöntun m.v. að bjóða öllum börnum pláss sem eru fædd í jan. - ágúst á yngsta aldursári.	-45	-49	-6	57	64	89	65	66	66	66	66

* Mismunur á að- og brottfluttum (2-5 ára).

Hafa ber það í huga að í þessum tölum er ekki tekið á fækkun barna á deild samhliða innritun yngri barna.

Sé hins vegar miðað við um 50 rýma fækkun í eldri leikskólum (Hólmasól undanskilin) vegna innritunar yngri barna ætti að vera hægt að innrita nánast öll 12 mánaða gömul börn haustið 2021, miðað við að verðandi fæðingarárgangar verði að meðaltali um 220 börn eða minni. Ekki er gert ráð fyrir að þessi fækkun rýma komi til framkvæmda fyrr en með tilkomu nýs leikskóla við Glerárskóla.



Mismunur á leikskólarýmum og barnafjölda eftir skólahverfum haustið 2019 og áætluð staða 2029

Sviðsmynd III

	Rými 2019	Rými 2029	Fjöldi í árg. 2014-2018	Frávik 2019	Frávik 2029
Brekkuhverfi	144	144	175	-31	-31
Lundarhverfi	208	240	203	5	37
Glerárhverfi	55	199	151	-96	48
Oddeyri	90	90	62	28	28
Síðuhverfi	169	170	159	10	11
Nausta- og Hagahverfi	130	200	216	-86	-16
Giljahverfi	183	183	138	45	45
Heildarfjöldi rýma	979	1.226	1.104	-125	122

* *Mínustala sýnir skort á rýmum í hverfinu, en pósitívtala sýnir umframrými miðað við áætlaðan fjölda 1 - 5 ára barna (5 árgangar). Frávik árið 2019 sýnir að það vantar 125 rými til að innrita yngsta árganginn haustið 2019. Innritunin náði því eingöngu til barna fæddra í janúar út apríl 2018.*

Fjöldi rýma í hverjum leikskóla 2019 - 2029 (fyrir fækkun rýma)

	2019	2029
Brekkuhverfi		
Hólmasól	144	144
Samtals	144	144
Lundarhverfi		
Pálmholt- Neðra húsið (Flúðir)	118	96
Lundarsel	90	
Lundarskóli/ leikskóli		144
Samtals	208	240
Glerárhverfi		
Árholt	24	24
Glerárskóli		144
Holtakot	31	31
Samtals	55	199
Oddeyri		
Iðavöllur	90	90
Samtals	90	90
Síðuhverfi		
Krógaból	99	0
Síðuskóli leikskóli		100
Hulduheimar Sel	70	70
Samtals	169	170
Nausta- og Hagahverfi		
Naustatjörn	90	90
Naustatjörn í húsnæði Naustaskóla/leikskóli	40	0
Stækkun Naustatjarnar (eða Hagaleikskóli)		110
Samtals	130	200
Giljahverfi		
Kiðagil	96	96
Tröllaborg	87	87
Giljahverfi/ leikskóli		
Samtals	183	183
Alls	979	1.226



Samantekt

Í þessari skýrslu leggja pólitískir fulltrúar starfshópsins fram tillögur og lausnir að úrbótum á starfsaðstæðum starfsfólks og barna í leikskólum. Kynntar eru þrjár sviðsmyndir sem eru byggðar á mismunandi forsendum með það að markmiði að 12 mánaða börnum standi til boða að fá leikskólapláss eða annað úrræði til dagvistunar þegar fæðingarorlofi lýkur.

Ein af tillögum hópsins var að stofna nýjan leikskóla í Hlíðarhverfi, Árholt, og tekur hann um 24 börn. Gert er ráð fyrir að hann verði ungarnaleikskóli samhliða því að yngri börnum verði boðin leikskólavist. Leikskólinn tók til starfa í byrjun september 2019.

Í ár var öllum 16 mánaða gömlum börnum boðin leikskólavist, eða börnum sem fædd eru í janúar, febrúar, mars og apríl 2018 sem er mánuði yngri börn en áður. Stefnt er að innritun barna sem fædd eru í janúar til maí 2019 á næsta ári en það er þó háð fæðingartíðni og fjölda leikskólarýma.

Á Akureyri er innritun í leikskóla einu sinni á ári þ.e. á haustin. Nú í haust tóku gildi reglur um auknar niðurgreiðslur til foreldra barna sem náð hafa 16 mánaða aldri en er ekki boðin innritun í leikskóla þar sem þau verða 16 mánaða eftir að innritun lýkur og nýta sér dagvistunarúrræði á Akureyri. Þessar greiðslur eru hugsaðar til þess að koma til móts við barnafjölskyldur með það að markmiði að minnka mun á kostnaði milli dagvistunar og leikskóla.

Einnig leggur starfshópurinn til að hafin verði niðurgreiðsla á áttunda tímanum vegna daggæslu barna í heimahúsum. Áætlað er að niðurgreiðslan komi til framkvæmda í upphafi árs 2020.

Hópurinn tekur undir tillögur fagráðshópsins um að kanna þann möguleika að innrita börn í leikskóla tvisvar sinnum á ári. Verið er að skoða þann möguleika að hafa þrjár deildir/ungbarnaleikskóla sem hver um sig getur innritað börn tvisvar sinnum á ári eða samtals allt að sex sinnum yfir árið. Þá er fyrst og fremst verið að skoða innritun að hausti og í kringum áramót. Hópurinn leggur til að einn skólastjóri verði yfir þessum þremur einingum/ungbarnadeildum og er það ekki síst til að hafa betri yfirsýn yfir m.a. innritun barna og starfsmannastjórnun.

Hlutfall fagmenntaðra innan leikskólanna hjá Akureyrarbæ er hátt og leggur hópurinn áherslu á hversu mikilvægt það er fyrir bæinn að viðhalda þessu háa hlutfalli. Því þarf að huga að skipulagi vinnudagsins og starfsaðstæðum barna og starfsfólks.

Starfshópurinn leggur til að bæjarfélagið setji sér viðmið um leikrými þegar nýr leikskóli verði byggður en þá er lagt til að miðað verði við 3.5 fermetra í leikrými fyrir hvert barn. Starfshópurinn leggur til að aukið verði við fermetra í allt að 3,3 í leikrými fyrir hvert barn á næstu 5 árum í skrefum til að bæta starfsaðstæður barna og starfsfólks.

Sviðsmyndirnar þrjár sem kynntar eru framar í skýrslunni miðast við mismunandi fjölda barna á leikskólaaldri. Miðað við tölur innan OECD landanna er ljóst að fæðingartíðni fer lækkandi og er því mikilvægt að hafa í huga að tillögurnar taka mið af þeim forsendum.

Starfshópurinn telur mikilvægt að viðhalda þeim leikskólabyggingum sem fyrir eru. Ef nemendum grunnskóla fækkar á komandi árum mun mögulega skapast svigrúm fyrir fimm ára leikskóladeildir innan grunnskólans. Ljóst er að dagforeldrakerfið mun taka breytingum samhliða því að yngri börn verði tekin inn í leikskóla bæjarins. Hópurinn telur mikilvægt að finna gott fyrirkomulag á dagforeldraþjónustu í framtíðinni í samvinnu við dagforeldra.

Akureyri, september 2019.



Heimildaskrá

Almer, Pinquart. (2006). *Security of children's relationship with nonparental care providers: a meta-analysis*.
Sótt af <https://researchcommons.waikato.ac.nz/handle/10289/5997>.

Reglugerð um starfsumhverfi leikskóla nr. 655/2009.

Sæunn Kjartansdóttir. (2011). *Árin sem enginn man; áhrif frumberskunnar á börn og fullorðna*.
Reykjavík: Mál og menning.